

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra um skil á upplýsingum vegna tekjuársins 2018,  
sbr. reglugerð nr. 1240/2015, með síðari breytingum.**

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála, skulu skila upplýsingum um erlenda reikningshafa, þó ekki bandaríska, til ríkisskattstjóra vegna ársins 2018 eigi síðar en 31. maí 2019.

1. Tilkynninga- og upplýsingaskylda tekur til reikninga erlendra aðila, (innlásreikninga, vörslureikninga, vátryggingasamninga að tilteknu peningavirði og lifeyrissamninga). Þegar áreiðanleikakönnun skv. reglugerðinni leiðir í ljós að reikningshafi sé erlendir aðili, þ.e. einstaklingur eða lögaðili, skal skila m.a. eftirfarandi upplýsingum:
  - a) Nafni, heimilisfangi og erlendri skattkennitölu sérhvers tilgreinds erlends reikningshafa (einstaklinga og lögaðila) sem á eða fer með tilkynningaskyldan reikning. Ef reikningshafi er lögaðili sem ekki telst vera erlendir en áreiðanleikakönnun skv. reglugerðinni leiðir í ljós að lögaðilinn hefur einn eða fleiri stjórnandi aðila, sem teljast vera erlendir aðilar, skal skila upplýsingum um nafn, heimilisfang og erlenda skattkennitölu sérhvers þess erlenda aðila sem telst vera stjórnandi aðili, sbr. 40. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015.
  - b) Reikningsnúmeri eða ígildi þess.
  - c) Reikningsstöðu í árslok 2018. Hafi reikningi verið lokað á árinu 2018 skal staða reiknings vera núll.
2. Til viðbótar við framangreindar upplýsingar skal einnig skila eftirfarandi upplýsingum:
  - a) Sé um innlásreikninga að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra eða tekjfærðra vaxta á árinu 2018.
  - b) Sé um vörslureikning að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra vaxta, arðs og annarra tekna, þ.m.t. sölu- og gengishagnað, sem myndast hefur vegna ávoxtunar þeirra eigna sem viðkomandi vörslureikningur hefur að geyma og hafa verið færðar sem tekjur inn á reikninginn (eða með tilliti til reikningsins) á árinu 2018.
3. Sé reikningshafi óvirkur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun, sbr. 42. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, skal upplýsa um nöfn, heimilisföng og erlendar skattkennitörlur þeirra eigenda lögaðilans sem teljast erlendir aðilar.
4. Hafi fjármálastofnanir, sem falla undir tilkynningarskyldu, enga reikninga í eigu eða umráðum erlendra aðila skulu þær engu að síður staðfesta, í samræmi við skilalýsingu, að svo sé með því að skila núllskýrslum til ríkisskattstjóra.

Ef skilað er röngum eða ófullnægjandi upplýsingum til ríkisskattstjóra eða ef þær eru á annan hátt ekki samkvæmt skilalýsingu, skal tilkynningaskylda fjármálastofnunin eftir atvikum greiða þann kostnað sem af því kann að hljótast.

Upplýsingunum skal skilað rafraent samkvæmt lýsingu á vef ríkisskattstjóra á slóðinni: <https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/crs/>.

Allar fyrirspurnir um ofangreind gagnaskil má senda á netfangið: [gagnaskil@rsk.is](mailto:gagnaskil@rsk.is).

Nr. 285

22. mars 2019

Auglysing þessi er birt skv. 92., 93. og 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 22. mars 2019.*

F.h. ríkisskattstjóra,

**Ingvar J. Rögnvaldsson.**

---

*Helga Valborg Steinarsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2019